Upplýsingar um notkun gagna við notkun á Car2X-tækninni

A. Almennar upplýsingar

Með þessari yfirlýsingu um gagnavernd viljum við upplýsa þig um notkun gagna þinna við notkun á Car2X-tækninni, svo fremi sem bíllinn er búinn Car2X-tækninni og Car2X-tæknin er virk. Upplýsingar um vinnslu gagna í bílnum sem tengist ekki notkun Car2X er einnig að finna í persónuverndaryfirlýsingunni fyrir notkun netþjónustanna (We Connect, VW Connect). Hægt er að nálgast nýjustu útgáfu persónuverndaryfirlýsinganna hverju sinni á https://consent.vwgroup.io/consent/v1/texts/carnet/is/is/dataprivacy/latest/html (We Connect, VW Connect) og https://consent.vwgroup.io/consent/v1/texts/carnet/is/is/dataprivacycar2x/latest/html (Car2X).

Ábyrgðaraðili vegna vinnslu gagna í tengslum við Car2X-tæknina í bílnum er

Volkswagen AG
Berliner Ring 2
38440 Wolfsburg

skráð hjá fyrirtækjaskrá héraðsdómstóls í Braunschweig undir nr. HRB 100484 (***„Volkswagen AG “***)

B. Car2X-samskipti

I. Grundvallaratriði

Bíllinn þinn er búinn Car2X-tækni. Þegar eiginleikinn er virkjaður getur bíllinn skipst á mikilvægum umferðarupplýsingum, t.d. um slys eða umferðarteppur, við aðra vegfarendur og innviði sem styðja einnig Car2X-tæknina. Þetta eykur öryggi þitt í umferðinni enn frekar. Þegar þú skráir þig inn sem notandi í bílnum í fyrsta sinn athugar þú hvort Car2X-stillingin er eins og þú vilt hafa hana og óvirkjar Car2X handvirkt ef svo er ekki.

Samskiptin fara fram beint á milli bílsins og annarra vegfarenda eða innviða í 200 til 800 metra fjarlægð. Drægið getur verið breytilegt eftir umhverfinu hverju sinni, t.d. í göngum eða innanbæjar.

II. Tæknilegt aðgengi og öryggi

Til þess að geta boðið upp á Car2X-tæknina notar bíllinn þinn tiltekna grunneiginleika sína sem vinna einnig úr persónuupplýsingum.

1. Tæknilegt aðgengi

Til að tryggja örugg samskipti við bílinn og sjá til þess að þú getir notað alla þjónustu og eiginleika sem þú keyptir eða bókaðir aukalega fyrir bílinn eru verksmiðjunúmer (grindarnúmer) og IP-tala bílsins ásamt tímanum sem er vistaður í bílnum borin saman við upplýsingar í gagnagrunni okkar. Til að vernda persónuupplýsingar þínar er grindarnúmer bílsins gert óauðkennanlegt að svo miklu leyti sem mögulegt er. Vinnsla þessara gagna fer fram á grundvelli lögmætra hagsmuna okkar til að geta boðið þér upp á þjónustu og eiginleika og koma um leið í veg fyrir að óviðkomandi geti notað þjónustu okkar og eiginleika. Lagagrundvöllur fyrir vinnslu persónuupplýsinga er f-liður 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar – (*„GDPR“*).

2. Gagnaþjónar

Unnið er úr gögnunum á þjónum eftirfarandi vinnsluaðila samkvæmt fyrirmælum okkar:

Audi AG
Auto-Union-Straße 1
85057 Ingolstadt
Þýskalandi

Amazon Web Services, Inc. („AWS“)
410 Terry Av. North
Seattle WA 98109
Bandaríkjunum

Hjá AWS eru gögnin dulkóðuð samkvæmt samkomulagi við okkur og eingöngu er unnið úr þeim á gagnaþjónum innan Evrópusambandsins. Þar sem AWS hefur aðsetur í Bandaríkjunum hefur verið samið við AWS um viðeigandi verndarráðstafanir í samræmi við kröfur Evrópusambandsins um vinnslu persónuupplýsinga í ríkjum utan Evrópusambandsins í því skyni að tryggja fullnægjandi vernd persónuupplýsinga þinna.

3. Þjónustuaðilar á sviði upplýsingatækni

Við nýtum okkur jafnframt þjónustu ýmissa þjónustuaðila á sviði upplýsingatækni. Þeir aðstoða okkur í sambandi við viðhald og tækniaðstoð. Svo fremi sem þeir fá aðgang að persónuupplýsingunum þínum vinna þeir eingöngu úr þeim fyrir okkur og samkvæmt okkar fyrirmælum. Gerðir hafa verið vinnslusamningar við þessa aðila samkvæmt 28. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar til að tryggja að persónuupplýsingar þínar njóti sömu verndar hjá vinnsluaðilunum og hjá okkur.

III. Eiginleikar Car2X

Car2X getur aðstoðað þig í eftirfarandi tilvikum:

1. Varar við hættulegum stöðum í nágrenninu

Car2X-eiginleikinn kannar ofangreint svæði nálægt bílnum til þess að benda þér á viðeigandi hættustaði í nágrenninu. Í þessu skyni er tekið á móti akstursupplýsingum annarra Car2X-notenda og unnið úr þeim. Ef ökutæki fyrir framan þig nauðhemlar til dæmis skyndilega og sendir þær upplýsingar til Car2X getur bíllinn þinn gefið frá sér viðvörun. Athugaðu: Bíllinn grípur ekki sjálfkrafa inn í aksturinn vegna slíkra viðvarana og nauðhemlar því til dæmis ekki sjálfkrafa.

2. Útvíkkun á sjálfvirkum hraðastilli

Car2X-tæknin getur útvíkkað fyrirbyggjandi skynjunarbúnað bílsins (t.d. radar- og myndavélarkerfi) og borið fyrr kennsl á aðstæður í umferðinni þannig að þú getir brugðist enn skjótar við. Með nákvæmari upplýsingum um umferðaraðstæður getur sjálfvirki hraðastillirinn með fjarlægðarstjórnun til dæmis dregið sjálfkrafa úr hraða áður en komið er að enda umferðarteppu. Virkni annarra eiginleika er einnig bætt, t.d. eiginleikans sem aðstoðar við að skipta um akrein.

3. Frekari eiginleikar

Fleiri Car2X-eiginleikar verða hugsanlega þróaðir í framtíðinni. Notendur verða upplýstir sérstaklega um vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við nýja Car2X-eiginleika.

IV. Gagnaflutningur

Þegar Car2X-tæknin er virkjuð sendir hún stöðugt almennar umferðarupplýsingar til annarra Car2X-notenda (t.d. annarra ökutækja og innviða) og gerir þeim þannig kleift að meta umferðaraðstæður hverju sinni. Eftirfarandi upplýsingum er deilt í þessu skyni: Upplýsingum um Car2X-sendanda (tímabundið auðkenni, gerð), upplýsingum um bílinn (stærð bílsins), upplýsingum sem tengjast akstrinum (hraðaaukningu, staðsetningu, akstursátt, hraða), upplýsingum frá skynjurum bílsins (um geighraða, beygjur, stöðu ljósa, stöðu fótstiga og beygjuhorn) sem og um akstursleiðina (staðsetningargögnum fyrir síðustu 200 til 500 metra akstursleiðarinnar).

Auk þess sendir virkjaða Car2X-tæknin frekari gögn um tiltekin atvik til annarra Car2X-notenda, til dæmis þegar bíll er stöðvaður, bilanir eða slys eiga sér stað, virkt öryggiskerfi grípur inn í eða endi umferðarteppu er fram undan. Gögnin eru eingöngu send þegar viðkomandi atvik á sér stað. Eftirfarandi gögn eru einnig send: upplýsingar um atvikið (tegund atviks, tími atviks og tími tilkynningar, staðsetning, svæði atviks, akstursátt) og um akstursleiðina (staðsetningargögn fyrir síðustu 600 til 1000 metra akstursleiðarinnar).

Gögnin eru send til annarra Car2X-notenda með gerviauðkenni. Það þýðir að aðrir Car2X-notendur sjá ekki hver sendi upplýsingarnar.

V. Vottorð

Til að koma í veg fyrir misnotkun á Car2X-samskiptum eru Car2X-gögnin undirrituð með vottorði með gerviauðkenni áður en þau eru send. Út frá undirrituninni getur Car2X-móttökukerfið gengið úr skugga um að Car2X-tilkynning sé ósvikin, þ.e. komi frá lögmætum Car2X-sendanda og að ekki hafi verið átt við hana. Til þess að geta einnig úthlutað Car2X-kerfinu þínu ótvíræðu vottorði er grindarnúmer bílsins notað og sent til Car2X-þjóns. Þannig er hægt að láta í té vottorð með gerviauðkenni fyrir Car2X-samskipti. Ofangreindur Car2X-þjónn er rekinn á vegum Volkswagen AG af Technology Nexus Secured Business Solutions AB, Telefonvägen 26, 126 26 Hägersten, Sweden, Þýskalandi. Til þess að auka öryggi gagnanna þinna enn frekar er Car2X-kerfinu þínu úthlutað nýjum vottorðum með reglulegu millibili.

Gögnin sem eru send meðan á tengingu við Car2X-þjón stendur, ásamt vottorði stýrieiningar, grindarnúmeri og upprunalegum færibreytum fyrir gerð vottorðs, eru varðveitt í fimm ár og síðan eytt sjálfkrafa að þeim tíma liðnum.

VI. Talnagögn notenda / tilgangur greiningar í þágu öryggis bíla

Fyrir tölfræðilega greiningu á útbreiðslu Car2X-tækninnar í Evrópu eru grindarnúmerið og dagsetning skráninga bílsins í bakendakerfinu fyrir Car2X-tæknina lesin úr UT-bakendakerfinu. Gögnin eru vistuð á þjóni innanhúss hjá Volkswagen í fimm ár en er síðan eytt sjálfkrafa að þeim tíma liðnum.

Í tengslum við þjónustuskoðanir eru upplýsingar um bílinn lesnar úr honum og viðhaldsferill Volkswagen-kerfa skráður. Til að útiloka öryggisbresti er skráningarhegðun bíla í bakendakerfi greind. Ef eitthvað óvenjulegt kemur í ljós við þessa greiningu getur þurft að fara yfir feril bílsins til að forðast mögulegar takmarkanir á virkni eða árásir á C2X-kerfið. Við þessa greiningu þarf að nota grindarnúmer bílsins. Ekki eru vistaðar aðrar upplýsingar en er að finna í ferlinum. Volkswagen AG hefur eingöngu hagsmuni af því að skoða upplýsingarnar ef bilanir koma upp.

Ef bilun eða árás á C2X-kerfið greinist er grindarnúmerið sem möguleg árás kemur frá útilokað frá þátttöku í C2X-þjónustunni. Viðkomandi grindarnúmer fær þá ekki lengur vottorð og lokað er fyrir það í bakendakerfinu.

Útilokuðu grindarnúmerin sem árás kemur frá eru vistuð á innanhússþjóni hjá Volkswagen í 5 ár og merkt sem útilokuð grindarnúmer. Volkswagen AG opnar aftur fyrir grindarnúmerið ef viðskiptavinur óskar sérstaklega eftir því og tryggt er að C2X-tæknin sé notuð með viðeigandi hætti.

C. Tilgangur með vinnslu, lagagrundvöllur og réttindi skráðra einstaklinga

Unnið er úr persónuupplýsingum þínum í því skyni að bjóða upp á Car2X-tæknina sem og til þess að auka umferðaröryggi þitt og annarra vegfarenda. Skráning grindarnúmersins og dagsetningar fyrstu skráningar bílsins á bakendanum fyrir Car2X-tæknina fer fram í þágu tölfræðigreiningar. Með skráðu gögnunum er tryggt að skráningin í heild sinni gangi snurðulaust fyrir sig og að ekki liggi fyrir truflanir sem hafa áhrif á allt kerfið.

Lagagrundvöllur fyrir vinnslu persónuupplýsinganna er að verja lögmæta hagsmuni (f-liður 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar).

Til að verja friðhelgi einkalífs þíns er unnið úr eins litlum persónuupplýsingum og kostur er þegar Car2X-þjónustan er látin í té og upplýsingunum er eingöngu miðlað til Volkswagen AG í því skyni að gefa út vottorð fyrir Car2X-kerfið í bílnum þínum.

Að því er varðar persónuupplýsingar þínar sem Volkswagen AG vinnur úr hefur þú, að uppfylltum lagalegum skilyrðum, eftirfarandi réttindi sem þú getur hvenær sem er nýtt þér gagnvart Volkswagen AG þér að kostnaðarlausu. Nánari upplýsingar um hvernig þú getur neytt réttar þíns er að finna á vefsíðunni https://www.datenschutz.volkswagen.de.

I. Réttur til aðgangs að upplýsingum

Þú hefur rétt á að fá upplýsingar frá okkur um það hvernig vinnslu persónuupplýsinga þinna er háttað.

II. Réttur til leiðréttingar

Þú hefur rétt á að fara fram á að við leiðréttum rangar eða ófullnægjandi persónuupplýsingar um þig.

III. Réttur til eyðingar

Þú hefur rétt á að fara fram á að upplýsingum um þig sé eytt, að uppfylltum skilyrðum 17. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar. Þú getur þá til dæmis farið fram á að upplýsingum um þig sé eytt ef þær eru ekki lengur nauðsynlegar í þeim tilgangi sem lá að baki söfnun þeirra. Þú getur einnig farið fram á að upplýsingum sé eytt ef vinnsla okkar á upplýsingunum byggist á samþykki þínu og þú dregur samþykki þitt til baka.

IV. Réttur til takmörkunar á vinnslu

Þú hefur rétt á að fara fram á að vinnsla persónuupplýsinga þinna verði takmörkuð þegar skilyrði 18. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar eiga við. Um slíkt er meðal annars að ræða þegar þú vefengir að persónuupplýsingar þínar séu réttar. Þú getur þá farið fram á að vinnsla persónuupplýsinga þinna sé takmörkuð þar til staðfest hefur verið að þær séu réttar.

V. Andmælaréttur

Ef Volkswagen AG eða þriðji aðili hefur lögmæta hagsmuni af vinnslunni sem ganga framar hagsmunum þínum (skv. f-lið 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar) hefur þú rétt á að andmæla vinnslu persónuupplýsinga þinna. Þú getur einnig andmælt vinnslunni í þeim tilvikum þar sem hún er nauðsynleg vegna verkefnis sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds (skv. e-lið 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar). Þú hefur einnig andmælarétt að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga í þágu beinnar markaðssetningar. Hann gildir einnig að því er varðar gerð persónusniðs, hvort sem slíkt er gert á grundvelli lögmætra hagsmuna sem ganga framar hagsmunum þínum (skv. f-lið 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar) eða í þágu beinnar markaðssetningar. Ef þú andmælir vinnslu persónuupplýsinga þinna biðjum við þig að tilgreina ástæðurnar fyrir andmælunum. Ekki þarf að tilgreina ástæður fyrir andmælum gegn vinnslu persónuupplýsinga í þágu beinnar markaðssetningar. Jafnframt er hægt að andmæla vinnslu persónuupplýsinga til gerðar persónusniðs án þess að tilgreina ástæður, svo fremi sem slíkt tengist beinni markaðssetningu.

VI. Réttur til að flytja eigin gögn

Ef vinnsla persónuupplýsinga byggist á samþykki eða samningi og er jafnframt sjálfvirk hefur þú rétt á að fá persónuupplýsingar þínar á skipulegu, algengu, tölvulesanlegu sniði og senda þær til annars vinnsluaðila.

VII. Réttur til að draga samþykki til baka

Ef vinnsla persónuupplýsinganna byggist á samþykki hefur þú hvenær sem er rétt á að draga samþykki þitt til baka með framvirkum hætti, þér að kostnaðarlausu.

VIII. Réttur til að leggja fram kvörtun

Þú hefur jafnframt rétt á að leggja fram kvörtun hjá eftirlitsyfirvaldi (t.d. Persónuvernd) vegna vinnslu okkar á persónuupplýsingum þínum.

IX. Takmarkanir

Car2X-tilkynningar sem bíllinn þinn skiptist á við aðra vegfarendur eða innviði eru ekki sendar til eða vistaðar hjá Volkswagen AG. Vakin er athygli á því að af þessum sökum getum við ekki boðið upp á rétt til upplýsinga, leiðréttingar, eyðingar eða flutnings á Car2X-gögnunum þínum. Ef þú vilt ekki að unnið sé frekar úr gögnunum þínum getur þú hvenær sem er gert Car2X-tæknina í bílnum óvirka. Ekki er þá unnið frekar úr gögnunum þínum, að undanskilinni uppfærslu á vottorðum (B. V.). Gagnaúrvinnsla vegna tæknilegs aðgengis (B. II. 1.) og uppfærsla á vottorðum (B. V.), einnig þegar Car2X-tæknin hefur verið gerð óvirk, eru nauðsynleg til að tryggja að eiginleikarnir standi til boða um leið og þeir eru (aftur) gerðir virkir. Uppfærsla á vottorðum og gagnaúrvinnsla fyrir tæknilegt aðgengi fer ekki fram ef bíllinn er stilltur á að vera ekki nettengdur í persónuverndarstillingunum.

D. Tengiliðir þínir

Tengiliðir vegna nýtingar réttar þíns og frekari upplýsinga um persónuvernd koma fram á vefsíðunni https://www.datenschutz.volkswagen.de.

Persónuverndarfulltrúi Volkswagen AG er tengiliður þinn vegna málefna sem tengjast persónuvernd:

Datenschutzbeauftragter der Volkswagen AG
Berliner Ring 2, 38440 Wolfsburg
dataprivacy@volkswagen.de

Útgáfa upplýsinga sem eru birtar:
Persónuverndaryfirlýsing [mars 2025]

Hægt er að nálgast nýjustu útgáfu persónuverndaryfirlýsingarinnar hverju sinni á https://consent.vwgroup.io/consent/v1/texts/carnet/is/is/dataprivacycar2x/latest/html.